

Ed.

527. Frumvarp til laga

[295. mál]

um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 19/1986, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

1. mgr. A-liðar 7. gr. laganna orðist svo:

Þungaskatt samkvæmt A-lið 4. gr. skal greiða tvisvar á ári. Gjald dagar skattsins eru 1. janúar vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal innheimast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð á gjalddaga. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarkerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda við innheimtu þungaskatts vegna ársins 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi ákvæði í lögum um fjáröflun til vegagerðar kveða á um að þungaskatt léttari bifreiða en 4 tonn, sem ekki greiða km-gjald, skuli greiða einu sinni á ári. Gjald daginn er 1. janúar ár hvert en eindagi 1. apríl. Mikillar óánægju hefur gætt meðal gjaldenda skattsins með að ekki skuli mögulegt að greiða hann á a. m. k. tveimur eða fleiri gjalddögum á ári. Gjaldskrá þungaskatts vegna ársins, sbr. reglugerð nr. 516/1986, er nú þannig:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	38.880	2800 — 2999	63.920
1000 — 1999	49.700	3000 — 3199	66.760
2000 — 2199	52.540	3200 — 3399	69.600
2200 — 2399	55.380	3400 — 3599	72.450
2400 — 2599	58.230	3600 — 3799	75.290
2600 — 2799	61.070	3800 — 3999	78.130

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	50.540	2800 — 2999	83.090
1000 — 1999	64.610	3000 — 3199	86.790
2000 — 2199	68.300	3200 — 3399	90.600
2200 — 2399	72.000	3400 — 3599	94.180
2400 — 2599	75.700	3600 — 3799	97.880
2600 — 2799	79.390	3800 — 3999	101.570

Eins og áður segir ber gjaldendum að standa skil á ofangreindu árgjaldi fyrir 1. apríl ár hvert.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að fjölga gjalddögum í tvo, þannig að gjaldtímabilin á hverju ári verði framvegis tvö. Hið fyrra sé frá 1. janúar til 30. júní og með gjalddaga 1. janúar ár hvert og hið síðara 1. júlí til 31. desember með gjalddaga 1. júlí ár hvert. Með þessum hætti er stefnt að því að dreifa greiðslubyrði vegna skattsins á sanngjarnari hátt innan gjaldársins en verið hefur.

Gert er ráð fyrir að breyting á gjalddögum samkvæmt frumvarpi þessu, verði það að lögum, taki til innheimtu skattsins á þessu ári. Gjaldskrá tímabilsins 1. janúar 1987 til 30. júní 1987 mun verða sem hér segir nái frumvarp þetta fram að ganga:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	19.440	2800 — 2999	31.960
1000 — 1999	24.850	3000 — 3199	33.380
2000 — 2199	26.270	3200 — 3399	34.800
2200 — 2399	27.690	3400 — 3599	36.230
2400 — 2599	29.120	3600 — 3799	37.650
2600 — 2799	30.540	3800 — 3999	39.070

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	25.270	2800 — 2999	41.550
1000 — 1999	32.310	3000 — 3199	43.400
2000 — 2199	34.150	3200 — 3399	45.240
2200 — 2399	36.000	3400 — 3599	47.090
2400 — 2599	37.850	3600 — 3799	48.940
2600 — 2799	39.670	3800 — 3999	50.790

Frumvarp þetta felur ekki í sér neina breytingu á heildartekjum af þungaskatti á þessu ári. Þær eru áætlaðar 160 m. kr. samkvæmt fjárlögum ársins 1987 af þeim bifreiðum sem nú greiða árgjald þungaskatts.